

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: nefndasvid@althing.is

Reykjavík, 8. desember 2022

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, nr. 26/145. 487. mál.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sem framkomna tillögu um breytingar á þjóðaröryggisstefnu.

Landvernd telur heilshugar undir þær viðbætur sem fram koma í lið e þar sem segir „Að sporna við röskun á lífsskilyrðum og búsetu vegna loftslagsbreytinga, m.a. með samdrætti í *kolefnislosun*, orkuskiptum, *grænni fjárfestingu* og virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að bregðast við loftslagsbreytingum.“ Hér væri þó til bóta að skipta orðinu „*kolefnislosun*“ fyrir orðið „gróðurhúsalofttegundir (GHL)“. Samkvæmt Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar falla sex lofttegundir undir þá skilgreiningu sem GHL.

Loftslagsbreytingar, tegundadauði og eyðilegging búsvæða og mengun er ein mest ógn við stöðugleika og mannlegt samfélag eins og við þekkjum það í dag. Hafsvæðin við Ísland, uppspretta lífvíðurværis á Íslandi, eru einnig í húfi. Landvernd hefur kallað eftir því að lýst verði yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og aðgerðir stjórnvalda, bæði innanlands og í alþjóðasamskiptum, taki mið af þeirri yfirlýsingu. Aðgerðir stjórnvalda í þessum málum hafa fram til þessa ekki verið í neinu samræmi við þá ógn sem af loftslagsbreytingum stafa.

Orðið „*grænar fjárfestingar*“ er mikið misnotað í dag. Nauðsynlegt er að skilgreina það í textanum. Frá sjónarhóli Landverndar eru „*grænar fjárfestingar*“ fjárfestingar sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, jarðvegs- og gróðureyðingu og mengun og bæta vernd vistkerfa og heilsu manna og dýra. Líta verður heilstætt á alla þessa þætti en ekki taka einn út fyrir sviga eins og iðulega er gert.

Þá telur Landvernd að byggja eigi á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í öllum textanum. Þau varða lífsafkomu allra sem byggja Jörðina og ættu að liggja til grundvallar, enda hafa íslensk stjórnvöld tileinkað sér þau. Eina heimsmarkmiðið þar sem Ísland telst vera í afturför skv. OECD er heimsmarkmið 15, líf á landi¹. Athygli vekur að ekki er fjallað um það í þjóðaröryggisstefnu og því telur stjórn Landverndar nauðsynlegt að bæta við nýjum lið, f -lið:

¹ [Sustainable Development Report 2022 \(sdgindex.org\)](https://sdgindex.org)

„Á eftir 8. tölul. komi nýr töluliður, 9. töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Að sporna við röskun á lífsskilyrðum og búsetu vegna vistkerfa í afturför, m.a. með endurheimt vistkerfa í afturför, að stöðva ágang og eyðingu vistkerfa og með virkri vernd vistkerfa til dæmis með aukinni vernd landssvæða sem og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að vernda vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni.“

Vissulega þarf að hafa skilvirkan og samhæfðan viðbúnað til að takast á við ógnanir eins og segir í d-lið. Hitt er ekki síður mikilvægt, að gera það sem mögulegt er til að draga úr ógnunum hvort sem þær eru af mannavöldum eða vegna afla náttúrunnar. Þetta segir sig sjálf, en gagnlegt væri að bæta því við þennan lið:

“Löggð verði áhersla á að tryggja skilvirkan og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð til þess að takast á við afleiðingar hvers kyns ógna við líf og heilsu fólks, umhverfi, eignir og innviði sem ekki er hægt að fyrirbyggja með raunhæfum aðgerðum.”

Að lokum vill stjórn Landverndar minna á að velsæld á Íslandi byggist á uppbyggilegum samskiptum og viðskiptum við umheim þar sem friður ríkir. Allt sem Ísland gerir til að bæta samskipti á milli ríka, efla samstarf þeirra og draga úr átökum er þáttur í að efla öryggi lands og þjóðar.

*Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri